

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla


Dags: 09.02. 2024. Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 8:10-9:45.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Þórunn Jónsdóttir, Una Björk Harðardóttir, Sara Pálmadóttir, Bryndís Jónsdóttir, Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og Agnes Fjeldsted. Stella B. Kristinsdóttir forvarnarfulltrúi sat fundinn.

Dagskrá:

1. Hagir og líðan – Niðurstöður könnunar – Krakkarnir í hverfinu 2023

Sara Pálmadóttir deildarstjóri Tómskundamiðstöðvar Hraunvallaskóla fór yfir niðurstöður könnunar sem ber nafnið Krakkarnir í hverfinu 2023 og framkvæmd er af Rannsókn og greiningu í október ár hvert. Könnunin er tekin sérstaklega í 5.-7. bekk (miðstig) og í 8.-10. bekk (unglingastig). Valin atriði verða kynnt fyrir foreldrum á Líðanfundum sem nú standa yfir og starfsmenn fá sérstaka kynningu á starfsmannafundi. Lykiltökur hvors stigs má sjá hér.



2. Ofbeldisforvarnir

Rætt var um forvarnir og mikilvægi þess að fræða nemendur og foreldra um afleiðingar ofbeldis og samábyrgð þegar kemur að alvarlegum ofbeldisverkum. Mikilvægt er að efla samkennd og tilfinningahæfni barna og skapa menningu þar sem ofbeldi er alltaf litið alvarlegum augum. Umræðan og lausnaleit heldur áfram á næsta skólaráðsfundi.

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland